

## FW: Athugasemd vegna hundasleppigerði á Óla Run túni

**Til** : Helga Stefánsdóttir  
**Frá** : Hafnarfjörður Hafnarfjörður  
**Heiti** : FW: Athugasemd vegna hundasleppigerði á Óla Run túni  
**Málsnúmer** : 1609447  
**Málsaðili** : Dýraverndunarfélag Hafnfirðinga  
**Skráð dags** : 29.05.2018 10:45:55  
**Höfundur** : Hafnarfjörður Hafnarfjörður

Viðhengi [image001.png](#)[image001.png](#)

Getur þú komið þessu áfram ? eða hvert á að senda þetta erindi ?

Góð kveðja,  
Anna Bára

ANNA BÁRA GUNNARSDÓTTIR  
DEILDARSTJÓRI ÞJÓNUSTUVERS

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5500 | [www.hafnarfjorur.is](http://www.hafnarfjorur.is)



**From:** Dagný Rós Stefánsdóttir [<mailto:dagnyros@gmail.com>]  
**Sent:** 28. maí 2018 22:58  
**To:** Hafnarfjörður Hafnarfjörður  
**Subject:** Athugasemd vegna hundasleppigerði á Óla Run túni

Athugasemd vegna hundisleppisvæðis á Óla Run túni, við erum búsett á Lindarhvamminum og munum því hafa hundagerðið í beinni sjónlínu frá húsinu okkar.

Á hverjum degi er túnið vel nýtt, jafnt af fullorðnum og börnum, en einnig er mikið um það að fólk mæti á túnið með dýrin sín og þá sérstaklega hunda.

Í dag er hundunum oft sleppt lausum og þeim leift að leika og eigendur hafa jafnvel verið að búa til þrautir fyrir hundana sína á túninu og hefur þetta gengið smurðulaust fyrir sig og allir eru ánægðir með þetta eins og þetta er í dag.

Með því að setja upp svokölluð hundagerði einungis til að búa til löglegt hundasleppisvæði erum við að stíga mörg skref aftur á bak. Þessi hundasleppi gerði sem nú þegar hafa verið sett upp ættu að geta sýnt það, sérstaklega þau sem hafa fengið að standa í lengri tíma, fólk mætir með hundana sína sleppir þeim innan girðingar og annað hvort situr eigandinn aðgerðarlaus án þess að sinna dýrinu eða situr inn í bíl.

Ég get því miður ekki stutt þessa tillögu að fá hundasleppisvæði á Óla Run túni en væri opin fyrir hugmyndum um opnari reglugerðar með að hafa hunda í engum taum á túninni eða eitthvað því um líkt, girðing er ekki málið!

Túnið á að fá að vera óbreytt eins og það er, enda frekar vöntun á túnnum í bænum þar sem hægt er að hittast og hafa gaman saman. Ef eitthvað ætti að gera við þetta tún þá væri það að setja upp litla girðingu meðfram göngustígnum

við Ásbrautina til að minnka líkur á alvarlegu bílslysi.

Væri ekki nær að tala við íbúa sem búa við túnið áður en svona tillögur eru settar fram? Hægt væri að koma með endalausar hugmyndir fyrir túnið eins og að hafa litla skúlpúra hannaða fyrir börn að leika sér á, það mætti jafnvel setja upp hundaprautabraut eða eitthvað því um líkt en hundagerði á ekki heima á túninu og myndi einungis búa til frekar dapurt umhverfi fyrir hunda og eigendur þeirra.

Bkv Dagný Rós Stefánsdóttir og Jakob Jónasson á Lindarhvammi 2

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)